

bréfi Sturlu Friðrikssonar í húseigninni Laufásvegi 51 í Reykjavík, er ávaxtast með 5% vöxtum, talið frá 1. júlí 1948. **106**

4. ágúst

3. Sjóðurinn skal standa undir stjórn forstöðulæknis þessa barnspítala ásamt landlækni og yfirhjúkrunarkonu spítalans.
4. Það fé sjóðsins, er innborgast í vöxtum og/eða afborgunum af veðskuldabréfinu undir 2. tölulið, skal ávaxtast í veðdeildarbréfum eða öðrum trygguðum veðbréfum, er ríkissjóður ábyrgist, og skulu bréfin áritast um, að þau séu eign sjóðsins. Upphæðir, er ekki nema 1000 kr., mega þó standa í sparisjóði.
5. Stofnfé sjóðsins og það, sem við kann að leggjast samkvæmt þessari skipulagsskrá, má aldrei skerða.
6. Þar til spítalinn tekur til starfa leggjast allir vextirnir af sjóðnum við höfuðstólinn.
7. Af vöxtum sjóðsins eftir að spítalinn tekur til starfa, má verja $\frac{1}{10}$ — níu tíundu — hlutum ár hvert, en $\frac{1}{10}$ skal ávallt leggjast við höfuðstólinn. Þeim vöxtum, er koma til úthlutunar árlega, skal verja til styrktar fátækum börnum, er á barnspítalanum dvelja, og ekki þiggja af sveit, eða foreldrar þeirra, til fatagjafa eða á annan hátt, þegar þau fara af spítalanum, og ákveður sjóðstjórnin hvort styrkurinn skuli veittur í einu lagi eða honum skipt milli fleiri barna. Verði eitthvert ár úthlutað minna en $\frac{1}{10}$ hlutum vaxtanna, leggst mismunurinn við höfuðstól sjóðsins.
8. Reikninga sjóðsins ber sjóðstjórninni að gera upp árlega og skulu reikningar hans birtir í B-deild Stjórnartíðindanna.
9. Leita skal forsetastaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Sem skiptaforstjórar í dánarbúi Sturlu Jónssonar, kaupmanns í Reykjavík, leyfum við okkur að beiðast þess, að ofanskráð skipulagsskrá megi öðlast staðfestingu forseta Íslands.

Virðingarfullt, Reykjavík, 6. október 1948.

F. h. skiptaforstjóranna í dánarbúi Sturlu Jónssonar.

Lárus Fjeldsted. Ólafur Ólafsson.

REGLUGERÐ

um vöruhappdrætti Sambands íslenzkra berklasjúklinga.

107

5. ágúst

1. gr.

Ágóða af vöruhappdrætti Sambands íslenzkra berklasjúklinga (hér í reglugerðinni framvegis skammstafað SÍBS) skal varið til að greiða stofnkostnað við byggingarframkvæmdir vistheimilisins í Reykjalandi.

Eignum happdrættisins skal, ef það verður lagt niður, verja á sama hátt.

2. gr.

Stjórn SÍBS fer með yfirstjórn happdrættisins og hefur á hendi reikningshald þess eða felur það framkvæmdastjóra. Hún skal færa ákvarðanir, er happdrættið varða, í gerðabók sína. Stjórnin ræður framkvæmdastjóra happdrættisins.

3. gr.

Reikningsár happdrættisins er almanaksárið. Fjármálaráðuneytið skipar 2 endurskoðendur reikninganna. Þóknun til þeirra greiðist af fé happdrættisins.

107

5. ágúst

Fjármálaráðuneytið skipar þriggja manna happdrættisráð til þriggja ára í senn og ákveður formann þess. Það ákveður þóknun happdrættisráðsmannanna, er greiðist af fé happdrættisins.

Happdrættisráð skal hafa aðgang að bókum og skjölum happdrættisins og skal því veitt sú vitneskja um starfsemina, sem það óskar. Það skal tafarlaust tilkynna fjármálaráðuneytinu, ef það telur ákvæði laga nr. 13 16. marz 1949 eða reglugerða, setta samkvæmt þeim, brotin.

Happdrættisráð hefur eftirlit með og úrskurðarvald um drætti, svo sem síðar segir.

5. gr.

Happdrættið gefur árlega út 50000 — fimmtíu þúsund — hluti í 6 flokkum. Hver hlutamiði ber áprentað númer frá 1—50000 og auk þess merki SÍBS, verð, síðasta endurnýjunardag, dráttardag og innlausnarfrest. Á hann skal prenta eiginhandarnafn framkvæmdastjóra happdrættisins, og á honum skal vera undirskrift eða eiginhandarstimpill umboðsmanns.

6. gr.

Vinningar eru samanlagt 5000 að tölu í öllum 6 flokkum og eru samanlagt að verðmæti kr. 1200000.00 miðað við smásöluverð.

Stjórn SÍBS ákveður vinningatöluna og verðmæti þeirra í hverjum flokki, er fari stighækkandi, en þó séu aldrei færri en 300 vinningar í 1. flokki og ekki fleiri en 1500 vinningar í 6. flokki. Verðmæti vinninganna að meðaltali í hverjum flokki skal vera svipað.

7. gr.

Verð ársmiða er 60 kr., en endurnýjunarmiða í hverjum flokki 10 kr. Ef menn vilja kaupa hlutamiða, eftir að drættir eru byrjaðir á árinu, skal greiða fyrir hann, auk verðs hans í flokki þeim, sem næst á að draga í, samanlagt verð hlutarins í öllum þeim flokkum, sem dregið hefur verið í á árinu.

8. gr.

Hlutamiðar eru seldir á skrifstofu SÍBS í Reykjavík og hjá umboðsmönnum happdrættisins víðs vegar um landið.

Endurnýjun hlutamiða hefst að 15 dögum liðnum frá síðasta drætti og varir til kvölds síðasta endurnýjunardags, sem skráður er á hvern miða. Endurnýjun skal fara fram hjá þeim umboðsmanni, sem hefur selt miðann.

9. gr.

Um vinninga í 1. flokki skal dregið 5. febrúar, og síðan 5. annars hvors mánaðar eða næsta virkan dag á eftir, ef þann dag ber upp á helgidag.

10. gr.

Áður en dregið er í 1. flokki skal leggja í hlutastokkinn 50000 miða, sem merktir eru tölunum 1 til 50000. Áður en dregið er í hverjum hinna síðari flokka skal leggja í hlutastokkinn jafnmarga miða, sem síðast voru úr honum dregnir og með sömu tölum.

Samtímis skal leggja í vinningastokkinn miða, sem á eru prentaðir vinningar þeir, einn á hvern miða, sem draga skal um í það skipti samkvæmt vinningaskrá, er stjórn SÍBS semur, en happdrættisráð þarf að samþykkja.

Miðana skal láta í stokkana að viðstöddu happdrættisráði, sem skal gæta þess, að allt fari löglega fram. Happdrættisráð skal innsigla hlutastokkinn að drætti loknum og gæta þess, að innsiglið sé óbrotið, þegar miðar verða látnir í stokkinn fyrir

næsta drátt. Það skal og gæta þess, að rétt miðatala með réttum númerum og vinningum sé látin í stökkana. Ef dráttur hefst ekki strax, þegar lokið er að láta miðana í stökkana, skal innsigla þá unz dráttur hefst. **107**
5. ágúst

Að minnsta kosti 2 happdrættisráðsmenn skulu vera viðstaddir hvern drátt til eftirlits.

Dráttur fer þannig fram, að fyrst er dreginn miði úr hlutastokknum og skal númer hans þegar fært inn í þar til gerða dráttabók, síðan er dreginn miði úr vinningastokknum, sem segir til, hvað unnizt hefur á hið útdregna hlutanúmer, og skal það einnig samstundis fært inn í dráttabókina. Þannig skal haldið áfram unz allir miðar eru dregnir úr vinningastokknum.

Jafnskjótt sem lesið hefur verið númer af miða, sem dreginn er úr hlutastokknum, skal hann dreginn á þráð, svo hver miðinn af öðrum þannig, að fyrst kemur sá miðinn, sem fyrst var dreginn út, en síðast sá, sem síðast var dreginn út. Á sama hátt skulu vinningamiðarnir dregnir upp á þráðinn, þannig að næst hverjum útdregnum hlutamiða liggja tilsvareandi vinningsmiði. Að drætti loknum skal þræðinum ofið um miðana, endarnir bundnir saman og innsiglaðir með innsigli happdrættisráðs.

Þegar að drætti loknum skal bera númerin og vinningana á þræðinum saman við númerin og vinningana, sem færðir hafa verið inn í dráttabókina og gæta þess, að rétt sé innfært. Eftirlitsmennirnir skulu fara í gerðabók happdrættisráðs, að þeir hafi gætt að innsiglu á stökkunum og að rétt tala miða með réttum númerum og vinningum hafi verið sett í stökkana og hvernig dráttur hafi farið fram.

11. gr.

Vinningaskrá skal gefin út að loknum hverjum drætti og skal hún fást ókeypis hjá öllum umboðsmönnum happdrættisins.

12. gr.

Eigandi miða, sem hlotið hefur vinning, skal snúa sér til þess umboðsmanns, er seldi miðann. Umboðsmaðurinn stimplar þá vinningsmerki á miðann, ritar á hann hver vinningurinn er, dagsetningu og skrifar nafn sitt undir.

Í upphafi hvers árs eiga menn kost á því að kaupa hlutamiða með sama númeri, sem þeir hafa haft næsta ár á undan, ef þeir snúa sér til umboðsmanns happdrættisins á þeim tíma, sem stjórn SÍBS auglýsir. Þetta gildir þó því aðeins, að umboðsmaðurinn hafi fengið umrætt númer aftur frá skrifstofu happdrættis SÍBS.

13. gr.

Allir vinningarnir greiðast í vörum og er vöruhappdrætti SÍBS óheimilt að greiða andvirði þeirra í peningum.

14. gr.

Vinninga afheuda einungis viðurkenndir birgðasalar happdrættisins. Ef vinningurinn er ekki ákveðin vörutegund er vinnanda í sjálfsvald sett hvaða vörutegund eða verðmæti hann kys sér af því, er birgðasali hefur á boðstólum fyrir happdrættið. Vinning má ekki afhenda nema gegn stimpluðum og árituðum miða samkvæmt 12. grein. Umboðsmenn happdrættisins skulu láta viðskiptamönnum þess ókeypis í té skrá yfir birgðasalana.

Á vinningaskrá skal auglýst, hvenær afhending vinninga hefst. Ef mótmæli koma fram gegn afhendingu vinnings til handhafa hlutamiða, áður en afhending hefst samkvæmt auglýsingunni, skal vinningur ekki afhentur fyrr en 8 vikur eru liðnar frá því að afhending átti að hefjast og skal hann þá afhentur handhafa miðans

107 nema sannað sé, að mál sé þingfest til úrskurðar um eignarrétt vinningsins og skal
5. ágúst þá vinningurinn ekki afhentur, fyrr en dómsúrskurður er fallinn.

Ef miði, sem vinning hlýtur, hefur glatazt, getur eigandi hans snúið sér til stjórnar SÍBS með beiðni um að fá vinninginn afhentan, en fylgja skal vottorð umboðsmanns, sem seldi miðann, um það, að samkvæmt bókum hans hafi umsækjandi keypt miðann. Slík beiðni þarf að komast í hendur stjórnar SÍBS innan 6 mánaða frá drætti, en hafi vinningur samkvæmt miðanum þegar verið afhentur, er beiðnin kom fram, er happdrættið laust allra mála.

15. gr.

Vinningar, sem enginn hefur vitjað innan eins árs frá drætti, verða eign happdrættisins.

16. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 13 16. marz 1949, um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenzkra berklasjúklinga, öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

1949 fer dráttur fram í fyrsta skipti 5. október og verða aðeins 2 flokkar á því ári. Verð ársmiða 1949 verður 20 kr. og endurnýjunarmiða 10 kr. Vinningafjöldi og vinningaverðmæti skal vera svo sem eðlilegt væri í 3. og 4. flokki samkvæmt 6. gr. Á þessu ári verður miðað við einungis $\frac{3}{4}$ hlutatölunnar og $\frac{3}{4}$ vinningatölunnar samkvæmt 5. grein.

Fjármálaráðuneytið, 5. ágúst 1949.

Jóhann P. Jósefsson.

Magnús Gíslason.

108

8. ágúst

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Seyðisfjarðar.

I. RAFORKA

Rafveita Seyðisfjarðar selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.20 hver kwst. Við þessu verði skal selja hvers konar raforkunotkun, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.
2. Um kwst.mæli á 45 aura hver kwst. auk fastagjalds, er nemi 50 aurum á mánuði á hvern m² gólfplatarmáls í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, skrifstofum og vinnustofum, en fyrir ganga og geymslur skal greiða 20 aura á mánuði af m².
3. Gjald fyrir götu- og hafnarlýsingu ákveður bæjarstjórn eftir tillögu rafveitunefndar, þó ekki lægra gjald en 40 aura fyrir hverja kwst.

B. Almenn heimilisnotkun.

Um kwst.mæli á 30 aura hver kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 5.00 á mánuði af einu herbergi hvernar íbúðar og kr. 3.00 á mánuði af hverju herbergi umfram eitt. Til herbergja í íbúð skal telja öll íveruherbergi og eldhús, en ekki ganga, bað-